

22

28. febr.

Gjaldlagning vatnsskattsins skal vera 1. marz ár hvert, nema árið 1960 skal hann vera 1. apríl.

2. gr.

Af húsum sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal greiða tengigjald eða stofngjald 500.00 krónur. Gjald þetta skal greiðast áður en húsið er tengt við vatnsæð.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt húsaleigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjaldlaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 29. febr. 1960, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 204 30. des. 1958 fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1960.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

---

*Hallgrímur Dalberg.*

23

21. marz

## AUGLÝSING

### um verðlagningu sérlyfja, samkvæmt lyfsöluskrá II.

Þar til gefin verður út ný lyfsöluskrá II, sem nú er í undirbúningi, skal verðlagningu sérlyfja samkvæmt lyfsöluskrá II hagað þannig, að heildsöluálagning verði eigi hærri en 16% (umboðslaun innifalin, söluskattur í tolli án álagningar), en smásöluálagning verði eigi hærri en 40% á heildsöluverð.

Innflytjendur sérlyfja skulu láta lyfjaverðskrárnefnd í té staðfesta vörureikninga og verðútreikninga í tvíriti um innflutning vara sem falla undir tollskrár nr. 28/57 og 28/58, áður en sala verður hafin samkvæmt verðútreikningum á smásöluverði, sem birtir verða sem breytingar á lyfsöluskrá II er þeir liggja fyrir samkvæmt framansögðu.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt heimild í konungsráðgjafi frá 14. jan. 1897, sbr. augl. 15. janúar 1897, og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. marz 1960.*

Ingólfur Jónsson.

---

*Baldur Möller.*